

Nr.

## Reglugerð

um breytingu á reglugerð um þráðlausan fjarskiptabúnað, nr. 944/2019.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2380 frá 23. nóvember 2022 um breytingu á tilskipun 2014/53/ESB um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 238/2023, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 35, 25. apríl 2024, bls. 84.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 33.gr., sbr. 107. gr. laga um fjarskipti, nr. 70/2022 og öðlast þegar gildi.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, 2024.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Ásdís Halla Bragadóttir.